

Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um starfsemi Fjárfestingarstofu – orkusviðs.

1. *Hver eru helstu verkefni Fjárfestingarstofu – orkusviðs? Að hve miklu leyti tók stofan við hlutverki markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar þegar sú skrifstofa var lögð niður og hvaða ný verkefni komu til sögunnar?*

Iðnaðarráðuneytið aflaði upplýsinga hjá Fjárfestingastofu – orkusviði vegna fyrirspurnarinnar.

Samkvæmt stofnskjali um markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, MIL, frá 29. maí 1988 er tilgangur skrifstofunnar eftirfarandi:

- Að safna upplýsingum um allt sem varðar markaðsmöguleika á orku fyrir utan almennan markað Landsvirkjunar og að fylgjast með þróun iðngreina sem til greina koma sem stórnotendur innlendrar orku í framtíðinni.
- Að gera frumhagkvæmniathuganir á nýjum orkufrekum iðngreinum og eiga samstarf við atvinnufyrirtæki um frekari hagkvæmniathuganir.
- Að láta í té alla nauðsynlega aðstoð við samningagerð ríkisins og Landsvirkjunar um sölu á orku til stóriðjufyrirtækja eða beina orkusölu til útlanda.
- Að standa fyrir almennu kynningarstarfi, útgáfu og dreifingu kynningarrita, ráðstefnuhaldi og öðru sambærilegu markaðsöflunarstarfi.
- Að taka að sér þjónustu fyrir aðra sem vinna að hliðstæðum verkefnum.

Fjárfestingarstofa – orkusvið tók að öllu leyti við hlutverki MIL í samræmi við viðaukasamning I við stofnskjál MIL. Hlutverk skrifstofunnar breytist hins vegar ekkert við nafnbreytinguna.

2. *Hvernig er háttað fjárhagslegum rekstri Fjárfestingarstofu – orkusviðs?*

Fjárfestingarstofa – orkusvið starfar sjálfstætt undir sérstakri stjórn og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, sbr. 2. gr. í stofnskjali um skrifstofuna.

3. *Hver hefur hlutur ríkissjóðs verið í rekstri hennar frá því að hún var stofnuð, sundurliðað eftir árum?*

Framlag iðnaðarráðuneytis til rekstrar Fjárfestingarstofu – orkusviðs hefur verið sem hér segir í millj. kr. á verðlagi hvers árs:

| | | | |
|------|------|------|------|
| 1988 | 1,7 | 1995 | 24,3 |
| 1989 | 5,5 | 1996 | 26,6 |
| 1990 | 19,8 | 1997 | 29,2 |
| 1991 | 9,8 | 1998 | 38,0 |
| 1992 | 8,8 | 1999 | 60,7 |
| 1993 | 17,4 | 2000 | 40,5 |
| 1994 | 17,8 | 2001 | 67,4 |

4. Hver hefur heildarkostnaður af rekstri stofunnar verið frá því að hún var stofnuð, sundurliðað eftir árum?

Sundurliðaður heildarkostnaður af rekstri MIL og Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs frá stofnun er sem hér segir í millj. kr. á verðlagi hvers árs:

| | | | |
|------|------|------|-------|
| 1988 | 6,4 | 1995 | 59,9 |
| 1989 | 20,8 | 1996 | 67,0 |
| 1990 | 41,7 | 1997 | 59,4 |
| 1991 | 32,4 | 1998 | 76,6 |
| 1992 | 30,4 | 1999 | 104,4 |
| 1993 | 39,0 | 2000 | 77,3 |
| 1994 | 41,1 | 2001 | 107,3 |